

Ofbeldisvarnarnefnd

Ár 2020, mánudaginn 8. júní, var haldinn 37. fundur ofbeldisvarnarnefndar. Fundurinn var haldinn í Tjarnarbúð og hófst kl. 14.05. Fundinn sátu: Heiða Björg Hilmisdóttir, Diljá Zoëga Ámundadóttir, Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir, I. Jenný Ingudóttir Eftirtaldir tóku sæti á fundinum með fjarfundarbúnaði með vísan til heimilda í auglýsingu nr. 230/2020 um ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra skv. VI. bráðabirgðarákvæðis sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011: Hulda Elsa Björgvinsdóttir. Fundinn sat einnig Halldóra Dýrleifar Gunnarsdóttir sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram bréf borgarstjórnar dags. 2. júní um heimildir til frávika frá skilyrðum sveitarstjórnarlaga vegna neyðarástands í sveitarfélagi, varðandi m.a. notkun fjarfundarbúnaðar á fundum nefnda og ráða, ásamt fylgiskjölum.
2. Lagðar fram tillögur um þátttöku Reykjavíkurborgar í Nordic Safe Cities. Svandís Anna Sigurðardóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið. Ofbeldisvarnarnefnd samþykkir að skipa starfshóp til að fylgja eftir þátttöku okkar í Nordic Safe Cities. Fyrsta verkefni starfshópsins verður að vinna tillögu að aðgerðaráætlun um forvarnir gegn hatri og öfgahyggju sem er mikilvægt verkefni.
3. Lögð fram til kynningar tillaga Regínu Bergmann Guðmundsdóttur, fulltrúa ungmennaráðs Kjalarness, um sjálfsvarnarkennslu í grunnskólum fyrir nemendur á unglingastigi. Samþykkt að þeir sem hafa áhuga á, í ofbeldisvarnarnefndinni, eigi fund með Regínu Bergmann Guðmundsdóttur og öðrum í ungmennaráði Kjalarness til að fræðast um málið og ræða leiðir til úrbóta.
4. Lögð fram drög að umsögn um tillögur starfshóps um öryggismál í skóla- og frístundastarfi. Umsögnin samþykkt.
5. Fram fer kynning á aðgerðateymi félags- og barnamálaráðherra og dómsmálaráðherra til að stýra og samræma vinnu við útfærslu aðgerða gegn ofbeldi. Eygló Harðardóttir tekur sæti undir þessum lið og Sigríður Björk Guðjónsdóttir í gegnum fjarfundarbúnað.
6. Lögð fram tillaga til þingsályktunar um forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni, ásamt áætlun fyrir árin 2021–2025.

Ofbeldisvarnarnefnd Reykjavíkurborgar leggur fram eftirfarandi bókun:

Ofbeldisvarnarnefnd Reykjavíkurborgar lýsir yfir ánægju sinni með tillögu til þingsályktunar um forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni, ásamt áætlun fyrir árin 2021–2025. Mikilvægt er að vinna að heildstæðum forvörnum á þessu sviði og vinna með markvissum og faglegum hætti að því að koma í veg fyrir kynferðislegt og kynbundið ofbeldi og áreitni. Við bendum á nauðsyn þess að verkefninu sé vel fylgt eftir með því að tryggja nægjanlegt fjármagn og að til þess verði ráðin manneskja með viðeigandi menntun og reynslu. Eins að skólar á landinu muni veita starfsfólki rými og tækifæri til þess að tillögur þessar nái fram að ganga.

7. Fram fer kynning á ársskýrslu Bjarkarhlíðar.

Ragna Guðbrandsdóttir tekur sæti undir þessum lið.

Fundi slitið kl. 16:10

Heiða Björg Hilmisdóttir

Diljá Zoëga Ámundadóttir
I. Jenný Ingudóttir

Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir
Hulda Elsa Björgvinsdóttir